Reykjavík

Vefir Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns Reykjavíkur

Hönnunarsamkeppni á vefþróun, vefhönnun og forritun á nýjum vefsvæðum

Forvalslýsing nr. 15615
Ágúst 2022

Menningar- og ferðamálasvið
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR ... 3

1.1. ALMENNT UM SAMKEPPNINA ... 3
1.2. VERKKAUPI ... 3
1.3. TÍMAÁÆTLUN HEILDARVERKEFNIS ... 4

2. MARKMIÐ OG ÞARFIR ... 5

2.1. ÞARFAGREINING ... 5

3. ÞÁTTTAKA ... 5

3.1. KRÖFUR UM HÆFI OG REYNSLU ... 6
3.2. ÞREPASKIPTING SAMKEPPNINNAR ... 6

4. FORVALSNEFND OG DÓMNEFND ... 7

4.1. ÁHERSLUR FORVALSNEFNDAR ... 7
4.2. SKIL GAGNA Í SAMKEPPNI ... 8
4.3. KYNNING Á TILLÖGUM ... 9

5. FORVALSGÖGN ... 9

6. UPPLÝSINGAR UM UMSJÓNARAÐILA FORVALS ... 9

7. FYRIRSPURNIR, VIÐAUKAR OG ÖNNUR SAMSKIPTI ... 9

8. GAGNASKIL FYRIR UMSÓKN Í FORVAL ... 10

8.1. SKIL Á UMSÓKN ... 10
8.2. UPPLÝSINGAR UM FJÁRHAGSLEGT HÆFI ... 10

9. MAT Á UMSÓKNUM Í FORVALI ... 11

9.1. KVARÐAR VIÐ STIGAGJÖF Í FORVALI ... 11

10. FYRIRVARAR ... 12

10.1. SAMÞYKKI FORVALSLÝSINGAR ... 12
10.2. TUNGUMÁL SAMKEPPNINNAR ... 12

11. HÖFUNDARÉTTUR OG AFHENDING ... 12

12. FYLGISKJÖL ... 12

1. Inngangur

1.1. Almennt um samkeppnina

Þjónustu- og nýsköpunarsvið, f.h. Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur óskar eftir umsóknum fyrirtækja um þátttöku í hönnunarsamkeppni vegna vefþróunar, vefhönnunar, forritunar og uppsetningar á nýjum vefsvæðum fyrir Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn Reykjavíkur. Heildarfjárframlag til verkefnisins er að hámarki 28.500.000 kr. án virðisaukaskatts.

Samkeppnin er hönnunarsamkeppni með forvali. Öllum er frjáls þátttaka í forvalinu og markmið samkeppninnar er að fá bæði reynd og reynsluminni fyrirtæki til að koma með áhugaverðar tillögur að hönnun framtíðarvefsvæða safnanna. Þrjú fyrirtæki verða valin í forvalinu og þeim boðið að taka þátt í samkeppninni. Þau fá hvert um sig 350.000 kr. auk virðisaukaskatts til að vinna tillögur fyrir samkeppnina.

Þrep 1: Forval, umsókn með umbeðnum gögnum fyrir þrep 1 skilað inn.
Þrep 2: Þrjú teymi valin áfram og boðið að taka þátt í samkeppninni að uppfylltum skilyrðum fyrir þrep 2.
Þrep 3: Vinningstillaga er valin og gengið verður til samninga að uppfylltum skilyrðum fyrir þrep 3.

Forvalsgögnum (þ.e. forvalslýsingu þessari og fylgiskjölum) er ætlað að kynna verkefnið, umfang þess og helstu forsendur. Forvalsgögn eru rafræn. Stigahæstu fyrirtækjunum eftir forvalið verður boðin þátttaka í samkeppninni.

Þátttaka í forvalinu er á kostnað og ábyrgð viðkomandi þátttakenda.

Ekki er tekin ábyrgð á hugsanlegu misræmi milli forvalsgagna þessara og væntanlegra viðbótargagna.

1.2. Verkkaupi

Hönnunarsamkeppnin er á vegum Reykjavíkurborgar. Verkefnið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu og samkeppnisferli og samningsgerð framkvæmd í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016 og innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn Reykjavíkur halda úti fjölsóttum vefsvæðum á íslensku og ensku. Núverandi vefir eru reknir í Drupal 7 vefumsjónarkerfinu og eru komnir til ára sinna. Hugmyndin er að bæði söfnin fái nýja vefi (framenda og bakenda) sem fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til nútíma vefsvæða. Nýir vefir þurfa að svara þeim þörfum sem fram koma í þarfagreiningu verkefnisins og á sama tíma þarf lausnin að geta aðlagast örum breytingum innan hins stafræna heims.

Áhersla er lögð á raunhæfa og spennandi tillögu sem styrkir ímynd safnanna innanlands sem utan. Gerð er krafa um aðgengilega vefi þar sem notendamiðuð hönnun er höfð að leiðarljósi, sjálfbæra lausn sem auðveldar starfsfólki viðhald og vefverslunarkerfi þar sem hægt er að sinna stafrænni þjónustu á skilvirkan hátt.

Um Borgarsögusafn

Borgarsögusafn Reykjavíkur var stofnað með sameiningu starfandi safna árið 2014. Það er eitt stærsta safn landsins og starfsemin er afar fjölbreytt. Sýningarstaðir safnsins eru fimm: Árbæjarsafn, Landnámssýningin í Aðalstræti (og ný viðbót í Aðalstræti 10, elsta húsi Kvosarinnar), Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafnið og Viðey. Auk þess er starfsemi safnsins sýnileg í rannsóknarstarfi og gagnasöfnum, útgáfu og menningarmerkingum í borgarlandinu.

Leiðarljós safnsins er m.a. að vera í sterkum tengslum við samfélagið, vera áreiðanlegt, upplýsandi og aðgengilegt og virkja gesti sína til þátttöku. Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningarminjar sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar ásamt því að miðla sögu hennar frá landnámi til samtímans. Safnið heldur skrár yfir fornleifar, hús og mannvirki í borginni, á hlut í sameiginlegum gagnagrunni yfir safnkost (sarpur.is) og heldur úti öflugum ljósmyndavef. Safnið sinnir sýningarhaldi, fræðslustarfsemi og útgáfu.

Um Listasafnið

Listasafn Reykjavíkur var stofnað árið 1973 og er framsækið íslenskt myndlistarsafn. Starfsstöðvar safnsins eru þrjár: Ásmundarsafn, Kjarvalsstaðir og Hafnarhús. Safnið hefur að geyma mörg af þekktustu verkum íslenskra listamanna en í heildarsafneign þess eru rúmlega sautján þúsund verk.

Safnið hefur ríkar samfélagslegar skyldur sem lúta að því að veita almenningi aðgang að samtímalist í því skyni að auka menningarlæsi og vitund um gildi myndlistar. Fjölbreytt menningarstarfsemi er í safninu en árlega eru yfir hundrað viðburðir á vegum þess – allt frá fyrirlestrum og málþingum til óhefðbundins tónleikahalds. Safnfræðsla er undirstöðuþáttur í starfseminni en á hverju ári heimsækja um þrettán þúsund grunnskólanemar safnið.

1.3. Tímaáætlun heildarverkefnis

Þarfagreiningu verkefnisins er lokið. Verkefnið hér eftir skiptist því í framkvæmdaráfanga og lúkningu. Stefnt er að því að framkvæmd verkefnisins hefjist í október 2022. Lausnin (forvefur) skal vera afhent til prófunar sem fyrst en eigi síðar en 1. febrúar 2023. Nýir vefir skulu vera tilbúnir og afhentir sem fyrst en eigi síðar en 1. febrúar 2024.

Krafist eru ríkulegs samstarfs með starfsfólki og hönnuðum verkkaupa út samningstímabilið. Gert er ráð fyrir því að seljandi mæti á stöðufundi yfir tímabilið sem útboðin þjónusta er unnin, eða á fjarfundi ef þörf krefur. Mánaðarlega skal seljandi skila verkkaupa stöðuskýrslu um framgang verkefnisins. Verkefnisstjórn verður í höndum verkefnastjóra Þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar.

Tímalína fyrir hönnunarsamkeppni

Dagsetning	Aðgerð
02.08.22	Forval og samkeppni auglýst
12.08.22	Fyrirspurnarfrestur bjóðanda fyrir kl. 12 á hádegi
15.08.22	Svarfrestur kaupanda
18.08.22	Skilafrestur umsókna fyrir kl. 12 á hádegi
23.08.22	Niðurstaða forvals
26.08.22	Samkeppnislýsing gefin út til keppenda
29.08.22	Fyrirspurnarfrestur bjóðanda fyrir kl. 12 á hádegi
02.09.22	Svarfrestur kaupanda
21.09.22	Keppendur skila inn tillögum fyrir kl. 12 á hádegi
30.09.22	Niðurstaða dómnefndar liggur fyrir

2. Markmið og þarfir

Sameiginleg markmið nýrra vefsvæða safnanna eru eftirfarandi:

- Einfaldir og notendavænir vefir sem skila ímynd safnanna til notandans
- Vefir sem kynna söfnin og starfsemi þeirra og miðla upplýsingum
- Vefir sem bæta aðgengi allra að söfnunum
- Vefir sem auka samkeppnishæfni safnanna á alþjóðlegum markaði
- Vefumsjónarkerfi sem auðveldar starfsfólki viðhald og umsýslu vefsvæðisins
- Vefverslunarkerfi til að geta sinnt stafrænni þjónustu; s.s. miðasölu á netinu og bókun á heimsóknum

2.1. Þarfagreining

Í þarfagreiningu (sem er í meðfylgjandi forvalsgögnum) er farið yfir helstu þarfir fyrir nýja vefi Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns Reykjavíkur.

3. Þátttaka

Til að öðlast þátttökurétt í samkeppninni senda þátttakendur inn gögn til samræmis við leiðbeiningar í forvalslýsingu þessari. Gefin eru stig sem miðast við hæfi og reynslu fyrirtækis. Þrjú stigahæstu fyrirtækin sem uppfylla lágmarkskröfur í forvalinu verða valin til þátttöku í samkeppninni. Verkkaupi áskilur sér rétt til að velja fleiri

þátttakendur ef fleiri en eitt fyrirtæki eru jöfn að stigum í þriðja sæti en þó aldrei fleiri en fjögur.

Meginreglan varðandi hæfi þátttakenda er sú að þeir sjálfir beri ábyrgð á hæfi sínu. Þátttakendur geta haft samband við Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur ef upp koma vafaatriði.

3.1. Kröfur um hæfi og reynslu

Áhersla er á að fyrirtæki sem eru valin áfram til að taka þátt í samkeppninni eftir forval séu þverfagleg og hafi bolmagn til að sinna verkefninu.

Þau þrjú teymi sem fá flest stig í forvalsferlinu eru valin til þátttöku í samkeppninni.

3.2. Þrepaskipting samkeppninnar

Hönnunarsamkeppninni er skipt í **3 þrep**.

Þrep 1: Forval, umsókn með umbeðnum gögnum fyrir þrep 1 skilað inn.
Þrep 2: Þrjú fyrirtæki valin áfram og boðið að taka þátt í samkeppninni að uppfylltum skilyrðum fyrir þrep 2. Valin fyrirtæki skila inn tillögu að nýjum vefsvæðum.
Þrep 3: Vinningstillaga er valin og gengið til samninga að uppfylltum skilyrðum fyrir þrep 3.

Þrep 1: Forval, umsókn með umbeðnum gögnum fyrir þrep 1 skilað inn.
Við skil á umsókn í forval er gerð krafa um faglega og fjárhagslegu getu umsóknaraðila. Forvalsnefnd metur fjárhagslegt hæfi, samsetningu teymis og reynslu fyrirtækis eftir kvarða sem nánar er lýst í köflum 6 og 7.

Áskilin lágmarksreynsla og menntun einstaklinga í hverju teymi fyrirtækis við skil á gögnum í forval:

- **Viðmóts- og vefhönnuður**
  Aðili með háskólamenntun úr viðurkenndu námi í vefhönnun eða sambærilegu námi sem getur sýnt fram á þekkingu, hæfni og reynslu.

- **Viðmóts- og vefforritari**
  Aðili með háskólamenntun úr viðurkenndu námi í tölvunarfræði eða sambærilegu námi sem getur sýnt fram á þekkingu, hæfni og reynslu.
- **Reynsla af notendamiðari hönnun**
  Aðili með reynslu af notendamiðaðri hönnun samkvæmt skilgreiningu *The Hasso Plattner Institute of Design at Stanford*, þ.e. samhyggð, greining gagna, hönnun, prófun og innleiðing.
- **Reynsla af hýsingu og vefþjónustum**
  Aðili með reynslu af hýsingu og vefþjónustum.

Leyfilegt er að nafn sama einstaklings komi fram oftar en einu sinni við ofangreind atriði.

Gera skal grein fyrir hæfi allra þátttakenda í teymi með ferilskrá sem inniheldur náms- og starfsferil auk upplýsinga um fyrri verkefni. Forvalsnefnd getur á hvaða stigi sem er kallað eftir nánari staðfestingu um menntun, þekkingu og hæfi ef þörf krefur.

Þrep 2: Þeim þremur fyrirtækjum sem hljóta flest stig í forvali verður boðið að taka þátt í hönnunarsamkeppni um nýja vefi Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns Reykjavíkur. Samkeppnislýsing verður send keppendum.

Þrep 3 - Þegar vinningstillaga hefur verið valin verður gengið til samninga.

Staðfest þátttaka ásamt ferilskrá þeirra sem taka þátt í verkefninu þarf að liggja fyrir áður en hægt verður að undirrita samning um verkefnið.

4. Forvalsnefnd og dómnefnd

Í drögum að samkeppnistilhögun fyrir nýja vefi Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns Reykjavíkur er gert ráð fyrir þremur fulltrúum í forvalsnefnd og fimm í dómnefnd. Útskýringar á skammstöfunum: ÞON er Þjónustu- og nýsköpunarsvið en MOF stendur fyrir Menningar- og ferðamálasvið.

Forvalsnefnd

- Fulltrúi ÞON – Ólafur Sólimann Helgason
- Fulltrúi MOF – Lára Aðalsteinsdóttir
- Stafrænn vöruhönnuður – Auðbergur Daníel Gíslason

Dómnefnd

- Fulltrúi Listasafns Reykjavíkur – Ólöf Kristín Sigurðardóttir
- Fulltrúi Borgarsögusafns Reykjavíkur – Guðbrandur Benediktsson
- Fulltrúi ÞON – Gísli Guðmundsson
- Viðmótshönnuður – Valgerður Pétursdóttir
- Grafískur hönnuður – Ármann Agnarsson

Ef upp koma vafaatriði við mat á tillögum getur dómnefnd leitað ráðgjafar sérfræðinga Reykjavíkurborgar.

Ritari: Ingunn Eyþórsdóttir, verkefnastjóri á ÞON

4.1. Áherslur forvalsnefndar

Hlutverk forvalsnefndar er að meta hvort hæfis- og reynslukröfur séu uppfylltar fyrir hönnunarsamkeppnina og velja þau fyrirtæki sem boðið verður að taka þátt í

samkeppninni. Hæfis- og reynslukröfur eru metnar þegar umbeðnum skilagögnum fyrir þrep 1 hefur verið skilað inn. Matskvörðum er lýst nánar í köflum 8 og 9 í forvalslýsingu þessari.

Áherslur dómnefndar

Áherslur dómnefndar eru fyrir þær samkeppnistillögur sem verða til hjá fyrirtækjunum sem komast áfram úr forvali og í samkeppnina. Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirliggjandi samkeppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til.

Dómnefnd leggur áherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum keppenda:

- Að tillagan tjái með góðri vefhönnun og viðmóti hlutverk helstu safna borgarinnar og lyfti upp starfsemi þeirra með nútímalegri og notendavænni nálgun sem sýnir lifandi söfn fyrir borgarbúa og aðra gesti.
- Að tillagan sýni þann auð sem býr í söfnum borgarinnar á aðgengilegan hátt og geti sótt upplýsingar í þau gagnasöfn/þjónustur sem þarf.
- Að tillagan falli vel að mörkun safnanna.
- Að tillagan sé í vefumsjónarkerfi sem er gefið út með opnu leyfi (e. open source), öruggt og í öflugri þróun svo að vefirnir geti aðlagast framtíðarþörfum í tækni og þjónustu.
- Að tillagan sé hagkvæm í rekstri og stýringu m.t.t. krafna þarfagreiningar um sveigjanleika og flæði.
- Að tillagan sé trúverðug gagnvart þeim væntingum sem gerðar eru til verkefnisins.

4.2. Skil gagna í samkeppni

Keppendur fá senda samkeppnislýsingu, kröfulista og fylgigögn um mörkun safnanna. Eftirtöldum gögnum skal skila rafrænt í gegnum útboðsvef Reykjavíkurborgar sem samsettri PDF-skrá.

Nauðsynlegt er að keppandi skili tillögu að:

- Hugmyndafræðilegri nálgun
- Frumgerð að forsíðu (t.d. Borgarsögusafn eða Listasafnið)
- Frumgerð að sýningarsíðu
- Frumgerð að staðarsíðu (t.d. Árbæjarsafn eða Kjarvalsstaðir)
- Vefumsjónarkerfi
- Tíma- og kostnaðaráætlun

Athugið að fyrirtæki skila frumgerð að forsíðu, sýningarsíðu og staðarsíðu fyrir annað hvort safnið (ekki bæði). Uppsetning skal sett fram sem glærukynning í liggjandi formi (e. widescreen 16:9). Æskilegt er að frumgerðir að forsíðu, sýningarsíðu og

staðarsíðu séu unnin í Figma eða sambærilegu hönnunarforriti. Lokaskiladagur tillagna er 21. september kl. 12 á hádegi.

Við vinnslu á tillögum er mikilvægt að horfa til mörkunar og hlutverks safnanna. Einnig er mikilvægt að rýna vel þarfagreiningu verkefnisins og kröfulista.

Verkkaupi áskilur sér rétt til afla sér upplýsinga um einstök verkefni keppenda.

4.3. Kynning á tillögum

Þátttakendum er boðið að kynna tillögur sínar fyrir dómnefnd. Gert er ráð fyrir að hver kynning taki ekki meira en 30 mínútur. Að kynningu lokinni er gert ráð fyrir umræðum. Kynningin mun fara fram í húsnæði verkkaupa. Staðsetning og tímasetning verður auglýst síðar.

Framsetning á kynningu verður metin til stigagjafar. Væntingar verkkaupa eru að kynningin innihaldi upphaf, miðju og endi, að hún líði vel áfram og að ekki sé mikið um endurtekningar.

5. Forvalsgögn

Forvalsgögn eru forvalslýsing þessi ásamt fylgiskjölum sem tilgreind eru í kafla 12.

6. Upplýsingar um umsjónaraðila forvals

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Ísland

Sími:	411-1040
Netfang innkaupaskrifstofu:	utbod@reykjavik.is
Útboðsvefur Reykjavíkurborgar:	http://utbod.reykjavik.is
Vefsíða innkaupaskrifstofu:	http://reykjavik.is/utbod

7. Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti

Öll samskipti skulu fara fram með skriflegum hætti í gegnum flipann „Samskipti/Correspondence“ fyrir þetta forval á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á forvalsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim ber honum að senda innkaupaskrifstofu skriflega

fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar, eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér forvalsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á forvalsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða birtir á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Bjóðendur bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd forvalsins á útboðsvefnum.

8. Gagnaskil fyrir umsókn í forval

8.1. Skil á umsókn

Fyrirtæki sem hafa áhuga á að taka þátt í forvalinu skulu sækja um þátttöku á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi skilafrest.

Umbeðnum gögnum í forvalið skal skila eigi síðar en gefið er upp í kafla 1.3 um tímalínu hönnunarsamkeppninnar. Umsækjendur skila inn útfylltri tilboðsbók í Excel-skjali. Meðfylgjandi umsókn skal vera staðfesting um fjárhagslegt hæfi og náms- og starfsferilsskrá meðlima í teymi.

Alls verða þrjú fyrirtæki valin til þátttöku í samkeppninni og fá þau hvert um sig greiddar 350.000 kr. auk virðisaukaskatts fyrir tillögur sínar.

8.2. Upplýsingar um fjárhagslegt hæfi

Umsækjendur skulu láta eftirfarandi upplýsingar í té í samræmi við tilboðsbók. Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Eftirfarandi gögn um fjárhagslegt hæfi skulu fylgja umsókn.

- Staðfesting frá viðkomandi yfirvöldum á að fyrirtæki eða aðalumsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- Staðfesting frá lífeyrissjóði/sjóðum á að fyrirtæki eða aðalumsækjandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.
- Staðfesting um jákvætt eigið fé.

Þrep 1: Við skil í forval
Í fylgiskjölum með þessari forvalslýsingu fylgir tilboðsbók sem þátttakendur skulu skila og fylla út öll meðfylgjandi skjöl samkvæmt bestu vitund.

Eftirfarandi skjöl er að finna í flipum tilboðsbókar (Excel-skjali):

- 1.0 Tilboðseyðublað
- 2.0 Listi yfir lágmarkskröfur
- 3.0 Matsþættir
- 4.0 Aðferðafræði við mat
- 5.0 Dæmi um reynslu
- 6.0 Trúnaðaryfirlýsing

Þátttakendur skulu skila inn upplýsingum um fyrirtæki eða aðalumsækjanda (bjóðanda) á tilboðseyðublaði. Ef fleiri en eitt fyrirtæki eða aðilar skila sameiginlega inn umsókn skal einnig upplýsa um meðumsækjanda á tilboðseyðublaði.

Reykjavíkurborg gerir kröfu um að einn aðalumsækjandi komi fram fyrir hönd hvers fyrirtækis í hönnunarsamkeppninni, við viðræður og við framkvæmd samningsins. Heimilt er að teymi byggi á hæfi einstakra aðila innan þess en ábyrgðaraðili skal uppfylla allar lágmarkskröfur til fjárhagslegs hæfis áður en gengið er til samninga um tillögur í samkeppnina.

9. Mat á umsóknum í forvali

Gefin verða stig á grundvelli framlagðra gagna. Forvalsnefnd gerir stutta umsögn um þau atriði sem liggja til grundvallar einkunnagjöfinni fyrir matskröfur. Einkunnir forvalsnefndar verða á bilinu 0 – 42 stig og verða gefin eftir kvarða. Hæsta einkunn ræður vali inn í samkeppnina. Samtals þremur fyrirtækjum verður boðinn þátttökuréttur sé öllum öðrum skilyrðum forvals fullnægt. Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka inn fleiri þátttakendur ef fleiri en eitt teymi er jafnt að stigum í þriðja sæti en þó aldrei fleiri en fjögur. Ekki er æskilegt að sami einstaklingur sé í meira en einu teymi fyrirtækis.

9.1. Kvarðar við stigagjöf í forvali

Kvarðinn hér að neðan sýnir heildarstigafjölda og vægi fyrir hvern matsþátt. Heildarstigafjöldi: 30 stig (100%).

Nánari útskýring á aðferðafræði við mat er í tilboðsbók.

Matsþáttur	Stigagjöf	Vægi
Reynsla fyrirtækis af hönnunarkerfum	0-6 stig	20%
Reynsla fyrirtækis af viðmóts- og vefforritun	0-6 stig	20%
Reynsla fyrirtækis af viðmóts- og vefhönnun	0-6 stig	20%
Reynsla fyrirtækis af notendamiðaðri hönnun	0-6 stig	10%
Reynsla fyrirtækis af hýsingu og vefþjónustum	0-6 stig	10%

Samtals	**0-30 stig**	**100%**

10. Fyrirvarar

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minniháttar vöntun eða annmarka á fylgigögnum með umsókn ekki hafa áhrif á umsóknina, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati valnefndar ekki áhrif á jafnræði þátttakenda. Allar upplýsingar sem fram koma eru án skuldbindinga af hálfu Reykjavíkurborgar.

Hægt er að koma með spurningar á auglýstum fyrirspurnartíma bæði í forvali og í samkeppninni.

10.1. Samþykki forvalslýsingar

Forvalslýsing þessi er grundvöllur samkeppninnar. Forvalslýsingin er samþykkt af verkkaupa, forvalsfulltrúum og dómnefndarfulltrúum.

10.2. Tungumál samkeppninnar

Tungumál samkeppninnar er íslenska og sama á við um verkefnið sjálft eftir samkeppnina. Öll gögn þátttakenda, þ.e.a.s. fyrirspurnir og greinargerð, skulu vera á íslensku. Sama gildir varðandi allt ritað efni sem verkkaupi eða fulltrúar hans senda frá sér. Svör við fyrirspurnum verða á íslensku. Öll forvals- og samkeppnisgögn sem fylgja hönnunarsamkeppni eru á íslensku.

11. Höfundaréttur og afhending

Allar innsendar samkeppnistillögur teljast höfundarvarin verk, og njóta höfundar þeirra verndar og þeirra réttinda sem kveðið er á um í íslenskum höfundalögum nr. 72/1973. Afhenda skal kóða samkvæmt tæknistefnu og þróunarhandbók Stafræns Íslands.

12. Fylgiskjöl

FYLGISKJAL 1 - Tilboðsbók
FYLGISKJAL 2 - Þarfagreining